

BREEAM vottun Vífilsstaðalands

BREEAM Communities vottun á aðalskipulagi Vífilsstaðalands í Garðabæ ásamt BREEAM vottun á deiliskipulagi á svæðinu. Svæðið allt er mikilvægur hlekkur milli þéttbýlis og óbyggðra náttúrusvæða í nærumhverfi þess. Meginmarkmið skipulagsins er að móta heilsteypt skipulag vistvænnar byggðar, fjölbreyttrar íþróttastarfsemi og almennrar útivistar í sátt við náttúru svæðisins. Með BREEAM Communities vottun skipulagsins er tryggt að skipulagsgerðin taki mið af þessum markmiðum með því að ýta undir uppbyggingu sjálfbærari samfélaga. Sérfræðingar Mannvits hafa yfirumsjón með matsferlinu, veita ráðgjöf um ferlið og leiðbeiningar við úrvinnslu krafna ásamt því að meta hvort skipulagsferlið og gögn uppfylli kröfur sjálfbærnimatskerfisins.

Mynd: Batteríð



Hjúkrunarheimili Húsavík

Nýtt hjúkrunarheimili Þingeyinga mun rísa í hlíðinni ofan Dvalarheimilisins Hvamms á Húsavík í lok árs 2023. Stefnt er að BREEAM vottun húsnæðisins þannig að íbúar njóti veru í húsnæðinu sem best. Sérstaklega verður hugað að góðri innivist. Gerð hefur verið lífsferilsgreining á verkinu og lagt upp með að öll byggingarefni styðji við vistvæn markmið hönnunar. Hönnun þessa 4400 fermetra húss er ætlað að skapa heimilislega umgjörð til að lifa og starfa frá degi til dags með útsýni yfir bæinn, Skjálfandaflóa og Kinnafjöllin. Byggingin verður brotin upp í smærri húseiningar, þær felldar inn í landið og íbúðum snúið að bænum. Á þann hátt gefst við íbúum tækifæri á að fylgjast með lífinu í bænum, njóta dagsbirtu og beinu aðgengi frá öllum sameiginlegum rýmum beint út í garð.

Mynd: Arkís



Hermunarlíkan nýtt í hönnun bygginga

Við hönnun á nýjum Kársnesskóla var orkuhermun beitt til að skoða með hvaða hætti hægt væri hægt að draga úr orkunotkun byggingarinnar og bæta innivist fyrir nemendur og kennara. Með hugbúnaðinum má meta þætti í hönnunarferlinu sem skilar sér í betri og hagkvæmari byggingu og í senn spara orku og koma í veg fyrir að hönnun hússins valdi notendum óþægindum t.d. með miklum hita við suðurglugga, lélegri loftun eða dragsúg og slæmri hljóðvist. Mannvit hóf að bjóða hermihugbúnað á árinu 2019 sem er ný tækni við hönnun húsnæðis og nýtist vel við ákveðna útreikninga sem eru nauðsynlegir fyrir ýmis vistvottunarkerfi bygginga eins og BREEAM og Svansvottun.

Ljósmynd: Batteríð



Metan í kaffibrennslu

Te & Kaffi hafa unnið að uppsetningu metankerfis við kaffibrennslu sína í Hafnarfirði. Metanið er nýtt sem orkugjafi til að rista kaffibaunir og leysir af hólmi própangas sem notað hefur verið hingað til. Með þessu mun draga verulega úr kolefnisspori kaffisins sem Te & Kaffi býður upp á enda er metanið framleitt af SORPU úr lífgasi sem verður til í gas- og jarðgerðarstöðinni GAJA. Mannvit sá um fjárhagslega greiningu á verkefninu, brunatæknilega hönnun, skipulags- og leyfismál, hönnun gasgeymslu og metankerfis og aðstoðaði auk þess við innkaup búnaðar og prófanir.

Mynd: Te og kaffi



Stefnumótun fyrir sorpurðun Vesturlands

Unnin var aðgerðaáætlun fyrir Vesturland fyrir sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á vegum starfshóps Sorpurðunar Vesturlands. Markmið verkefnisins var að kortleggja stöðuna og leggja fram tillögur að aðgerðum til þess að hætta urðun lífræns og brennanlegs úrgangs og tryggja að meðhöndlun úrgangs sé í samræmi við ný lög og reglur.

Staðan á Vesturlandi er að mörgu leyti góð en fram undan er lagabreyting og mörg sveitarfélög þurfa að ráðast í breytingar á meðhöndlun úrgangs og skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis. Þannig má stuðla að aukinni endurnýtingu og sorpflokkun til þess að ná fram hagræðingu og bæta umgengni við náttúruna.



Jarðhitavirkjun í Eþíópíu

Tulu Moyo Geothermal, sem er í eigu hins franska Meridiam og íslenska jarðhitafyrirtækisins Reykjavík Geothermal (RG), vinnur að uppbyggingu 50 megavatta jarðhitavirkjunar sem hugsanlega verður stækkuð í 150 MW á Tulu Moyo jarðhitasvæðinu, 150 km suðaustur af Addis Ababa í Eþíópíu. Virkjunin mun skapa mikil verðmæti fyrir samfélagið, m.a. með fjölgun starfa á svæðinu þar sem hún stuðlar að uppbyggingu iðnaðar og ólíkra fyrirtækja ásamt því að dregið verður úr notkun jarðefnaeldsneytis þegar virkjunin kemst í gagnið. RG leggur mikla áherslu á að aðstoða við uppbyggingu svæðisins m.a. með stuðning við menntun, áherslum á jafnrétti, vegagerð og ekki síst raforkuvæðingu í strjálbýli ásamt vatnsöflun sem hvorutveggja er gríðarlega mikilvægt í samfélaginu.

RG býr yfir mikilli jarðhitapekkingu ásamt meira en áratuga reynslu í undirbúningi jarðhitaverkefna í Austur Afríku og hefur unnið náið með Mannvit-Verkís, sem er sameiginlegt félag Mannvits og Verkís við undirbúning virkjunarinnar. Í því fólst hönnun og borrarðgjöf fyrir allt að 12 framleiðslu- og niðurrennslisholur. Verkefnið er unnið í samstarfi við Landsvirkjun Power, ÍSOR og Eþíópíska verkfræðifyrirtækið MGM.



„Grænasta“ gagnaver í heimi?

Mannvit hefur séð um alla hönnun vegna gagnavera Verne á Ásbrú. Þar fer fram ýmiskonar gagnaverastarfsemi en þó ekki gröftur eftir rafmynt. Gagnaverið nýtir endurnýjanlega raforku frá jarðvarma- og vatnsfallsvirkjunum og kælikerfin nýta eingöngu náttúrulega loftkælingu úthafsloftslagsins sem hér ríkir. Hvorki er notuð vélræn kæling né kælimiðlar í gagnaverinu.

Orkunýtni þeirra gagnavera sem sett hafa verið upp hjá Verne er með því besta sem þekktist í heiminum og rekstarhagkvæmni einnig. Gagnaverið er tengt Evrópu og

Bandaríkjunum með háhraðatengingum í gegnum Farice strenginn. Miklir vaxtarmöguleikar eru í samkeppni við meira mengandi hýsingaraðila gagna annars staðar í heiminum.

Ljósmynd: Verne



Kolefnisföngun og förgun

Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Carbfix og hið svissneska Climeworks vinna sameiginlega að því að fanga og farga um 4.000 tonnum af CO₂ úr andrúmslofti á ári hverju á Hellisheiði. Mannvit hefur unnið að uppbyggingu aðstöðu Climeworks, innan Jarðhitagarðs ON til að fanga CO₂ úr andrúmslofti með sérþróaðri tækni Climeworks. Áætlað er að taka loftsuguverið í gagnnið um mitt ár 2021. Carbfix tekur við koldíoxíðinu og fargar með niðurdælingu í berglög, þar sem það steingerist. Einstök tækni Carbfix við að binda koldíoxíð í bergi getur verið mikilvægur hlekkur til þess að Ísland nái loftlagsmarkmiðum sínum. Carbfix tæknina má jafnframt nýta á heimsvísu.

Mannvit hefur unnið náið með OR, eiganda Carbfix, í yfir 15 ár við rannsóknir, prófanir og þróun á tækni við að dæla koldíoxíði niður í jarðlög. Verksvið Mannvits í Carbfix

verkefninu hefur verið yfirumsjón og samræming hönnunar, eftirlit með smíði, uppsetningu og umsjón með uppkeyrslu, ferilhönnun ásamt verkhönnun.

Ljósmynd: Climeworks Hellisheiði



Hitaveita á Höfn í Hornafirði

Ný hituveitulögn fyrir íbúa á Höfn í Hornafirði fer um 20 km leið til um 600-700 húsa og markar þáttaskil fyrir bæinn. Meirihluti íbúa Hafnar í Hornafirði fékk vatn frá nýrri hitaveitu á árinu og lokið verður við að tengja nýja notendur við veituna þar og í sveitinni á fyrri hluta árs 2021. „Þetta er afar jákvætt fyrir íbúana. Rask fylgir framkvæmdunum hjá sumum íbúanna, á meðan á þessu stendur, en til lengri tíma mun þetta borga sig,“ sagði Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri Hornafjarðar í viðtali við RÚV. RARIK lét bora rannsóknar- og vinnsluholur á jarðhitasvæðinu í Hoffelli eftir miklar rannsóknir og lagði í kjölfarið um 20 kílómetra langa stofnæð til Hafnar.

Ný hitaveita leysir eldri fjarvarmaveitu af hólmi á svæðinu og stuðlar að bættri orkunýtingu, aukinni sjálfbærni svæðisins og bættu orkuöryggi.



Styrking byggðalínu og orkuöryggi

Sumarið 2019 réðst Landsnet í viðamikjó verkefni við að leggja nýja byggðalínu, Kröflulínu 3, milli Norður- og Austurlands. Með nýrri línu verður afhending orku á Norður- og Austurlandi stöðugri og gæði hennar aukast. Verkefnið var brýnt enda mikilvægt að leysa gömlu byggðalínuna frá árinu 1978 af hólmi. Nýja byggðalínan ber heitið Kröflulína 3 og liggur um 122 km leið frá Kröflu að tengivirki Fljótdalsvirkjunar. Mannvit hafði heildareftirlit með framkvæmdinni sem fólst í að gera undirstöður fyrir möstur, reisa þau og strengja línur milli þeirra, leggja vegslóða og aðra jarðvinnu. Í óveðrinu á Norðvesturlandi 2019 kom bersýnilega í ljós að huga þarf sérstaklega að grunninnviðum samfélagsins og að þörf er á að bæta raforkuflutningskerfið víðsvegar á landinu.

8 GÓÐA ATVINNA OG HAGVÖXT



9 MÝSKÖPUN OG UPPBYGGING



Hönnun og mat á umhverfisáhrifum Reykjanesbrautar

Mannvit vinnur að hönnun og tillögu að matsáætlun vegna breikkunar Reykjanesbrautar í Hafnarfirði, frá Krýsuvíkurvegi að Hrauni vestan Straumsvíkur en þar lýkur fjögurra akreina kafla til vesturs úr Hafnarfirði. Núverandi vegur verður breikkaður úr tveimur samhliða akreinum í tvær aðskildar en með þessu eykst umferðaröryggi vegfarenda til mikilla muna. Núverandi vegur er nýttur í nýja framkvæmd og því hugað að ábyrgri auðlindanýtingu auk þess sem að uppbyggingin tryggir bætta og öruggari samgöngur á svæðinu.



HÁTÆKNI Í FÆÐUFRAMLEIÐSLU

Smápörungar til manneldis

Smápörungaframleiðsla VAXA Technologies er nýtt bæði sem innihaldsefni til manneldis sem og í klakstöðvar fiskeldis.

Með framleiðslunni er köldu og heitu vatni ásamt koltvísýring úr endurnýjanlegri raforku frá

Hellisheiðarvirkjun ON breytt í próteinríkan Omega-3 lífmassa í formi þörunga. Aukaafurð ferlisins er súrefni.

Nýting á þessari hátækni í fæðuframleiðslu er afar jákvætt skref í átt til virðishringrásar (e. waste to value).

Verkefnið stuðlar að bættri auðlindanýtingu, notuð er endurnýjanleg orka og styður við aðgerðir í loftslagsmálum.

Þetta er því einstakt dæmi um sjálfbærni hér á landi.

Mannvit hefur frá byrjun unnið með VAXA að uppbyggingu framleiðslunnar. Sérþekking Mannvits á hönnun, forritun og gangsetningu stjórnkerfa nýttist vel í þessu verkefni.



Ávarp forstjóra

Örn Guðmundsson




Spennandi verkefni og nýjar áskoranir framundan

Árið 2020 verður eftirminnilegt fyrir margar sakir og munar þar mestu um heimsfaraldurinn en hann litaði svo um munar daglegt líf okkar allra og hafði

töluverð áhrif á heimilin og rekstur fyrirtækja á Íslandi og á heimsvísu.

Mannvit er þar engin undantekning. Okkar helsta áskorun var að halda verkefnum gangandi og hlúa að starfsfólki okkar á þessum fordæmalausu tímum. Við lögðum sérstaka áherslu á að halda taktinum í verkefnum þar sem flest öll verkefni hjá Mannvit skapa afleidd störf fyrir samfélagið. Við lögðum kapp á að auka flæði upplýsinga og hugsuðum í lausnum þegar heimsfaraldurinn setti úrvinnslu verkefna skorður. Fjarvinna reyndist okkur vel. Starfsfólk Mannvits átti auðvelt með að laga sig að breyttum aðstæðum og fyrirséð er að fjarvinna er komin til að vera. Einnig erum við afar þakklát viðskiptavinum fyrir traustið og góða samvinnu á þessum tímum.



„Við finnum fyrir áhuga á sjálfbærni hjá viðskiptavinum og hagsmunaaðilum og sem eitt af stærri fyrirtækjum landsins í hönnun og ráðgjöf gegnum við mikilvægu samfélagslegu hlutverki.“

Að skapa og stuðla að sjálfbæru samfélagi er hlutverk Mannvits og sjálfbærni er tvinnuð inn í alla starfsemi fyrirtækisins. Þó árið væri krefjandi náði Mannvit árangri í markmiðum sínum tengdum

sjálfbærnistefnu okkar. Sem dæmi um þá áfanga sem við erum stolt af má nefna verkefnið „Heimsmarkmið í fóstur“.

Verkefnið Heimsmarkmið í fóstur gengur út á að vekja starfsfólk til vitundar um heimsmarkmiðin og tengja þau við dagleg verkefni. Nokkrir faghópar fengu valin heimsmarkmið til að fóstora og tengja við verkefnin sín. Þá settum við okkur metnaðarfull markmið að fræða og auka vitund viðskiptavina okkar á vottunarferlum, hvort sem er tengt byggingum, skipulagi eða grænum skuldabréfum. Að lokum tryggði Mannvit sér einnig kolefnishlutleysi rekstrar með samningi við Kolvið um að jafna þann hlut sem ekki náðist að minnka.

Styrkur Mannvits sem alhliða þekkingarfyrirtæki með fjölbreytta þjónustu sýndi sig á árinu. Starfsfólki er þar fyrst og fremst að þakka en þrautsegja og jákvæðni einkenndi hópinn á þessu ári. Mig langar að þakka starfsfólki fyrir þann kraft og dugnað sem það sýndi í aðstæðum sem eiga sér enga hliðstæðu.

Árið 2021 hefst af krafti. Framundan eru spennandi verkefni og við tökum full af bjartsýni á móti nýjum áskorunum í átt að sjálfbærari framtíð.





Sjálfbærni og samfélagsábyrgð

Við leggjum áherslu á að sýna gott fordæmi í rekstri okkar og viljum vera leiðandi fyrirtæki á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar.

Við höldum áfram að vinna eftir viðmiðum Global Compact og höfum tileinkað okkur markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við stefnumörkun og markmiðasetningu. Til að draga þessa vinnu fram og beina kastljósinu að árangri í sjálfbærni settum við nokkur heimsmarkmið í fóstur innan faghópa fyrirtækisins. Sjálfbærni er stöðug vegferð, við setjum okkur metnaðarfullt markmið til þess að halda okkur við efnið og miðlum áherslum til okkar helstu hagaðila með birtingu sjálfbærnisráðs árlæga.



Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun



Mannvit leggur áherslu á 14 af 17 heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

3 HEILSA OG
VELLÍÐAN



Mannvit leggur áherslu á að skapa heilnæmt umhverfi og góða innivist í þeim hönnunarverkefnum sem fyrirtækið kemur að. Samhliða því stuðlar Mannvit að góðri heilsu starfsfólks með hinum ýmsu verkefnum og styrkjum.

4 MENNTUN
FYRIR ALLA



Mannvit byggir rekstur sinn á hugviti starfsfólks, leggur áherslu á fræðslu tengda sjálfbærni og býður upp á endurmenntun auk þess að vera með fjölda opinna kynninga til að miðla þekkingu sérfræðinga sinna og bjóða nemum starfsnám.

5 JAFNRÉTTI
KYNJANNA



Jafnrétti kynjanna og jafnræði hefur verið stefna fyrirtækisins í lengri tíma. Mannvit hafnar allri mismunun og stuðlar að fjölskylduvænum vinnustað.

6 HREINT VATN OG
SALERNISAÐSTAGA



Mannvit kemur að hönnun og ráðgjöf veitumannvirkja og mælingu vatnsgæða sem miðar að því að tryggja heilnæmt vatn og draga úr líkum á mengunarslysum.

7 SJÁLFBÆR
ORKA



Mannvit leggur hugvit og þekkingu til framleiðslu endurnýjanlegrar orku og hefur komið að hönnun fjölda vatns- og jarðvarmavirkjana, bæði hérlendis sem erlendis. Mannvit leggur sitt af mörkum til framleiðslu hreinnar orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum.

8 GÓÐ ATVINNA
OG HAGVÖXT



Mannvit velur starfsfólk byggt á hæfileikum, metnaði og persónueinkennum. Mannvit hvetur starfsfólk sitt til að sýna frumkvæði og koma með nýjar hugmyndir að verkefnum.

9 NÝSKÖPUN OG
UPPBYGGING



Mannvit leggur áherslu á nýsköpun og þróun í starfsemi sinni. Með öflugri nýsköpun vill fyrirtækið geta mætt þörfum framtíðarinnar með sjálfbærum hætti.

11 SJÁLFBÆRAR
BORGIR OG
SAMFÉLÖG



Mannvit veitir ráðgjöf sem stuðlar að aukinni sjálfbærni samfélagsins og horfir til nýrra leiða í mannvirkjagerð og samgöngum. Þá kemur Mannvit að BREEAM sjálfbærnivottun fyrir skipulag

12 ÁBYRG
NEYSLA



Í allri hönnun Mannvits er hugað að notkun auðlinda og að takmarka úrgang með það markmið að ýta undir ábyrga neyslu. Jafnframt horfir fyrirtækið í eigin barm og hugar að þessum atriðum í rekstri fyrirtækisins.

13 VERNDUN
JARÐARINNAR



Mannvit leggur áherslu á að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri fyrirtækisins sem og í verkefnum fyrirtækisins. Mannvit er áhættumiðað fyrirtæki og hugar að mögulegum breytingum í umhverfinu sökum loftslagsbreytinga við hönnun og ráðgjöf.

14 LÍF Í
VATNI



Við efnisval, úrgangsméðhöndlun og hönnun veitumannvirkja er hugað að því að koma í veg fyrir mengun í sjó.

15 LÍF Á
LANDI



Vernd, endurheimt og sjálfbær nýting vistkerfa er höfð að leiðarljósi við ráðgjöf. Mótvægisáðgerðir, sem eru lagðar til, leggja áherslu á endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa.

16 FRÍÐUR OG
RÉTTLÆTI



Framkvæmdastjórn Mannvits leggur áherslu á gagnsæi og ábyrgan rekstur þar sem mútum er hafnað og alþjóðlegum lögum og reglum er fylgt.

17 ALÞJÓÐLEG
SAMVINNA




Samvinna og góð samskipti er
besta leiðin til að ná árangri og
stuðla að sjálfbærri þróun.





SHOP ICELANDIC

Heimsmarkmið í fóstur



Árið 2020 færði okkur nýjar áskoranir þar sem andleg og líkamleg heilsa og öryggi starfsfólksins okkar var í fyrirrúmi. Okkur tókst að halda uppi sama þjónustustigi og framleiðni í gegnum erfiðustu toppana á árinu og má þakka samheldni og dugnaði starfsfólksins okkar fyrir að leggja sitt af mörkum á þessum fordæmalausum tímum.

Árleg heilsufarsskoðun fór fram í haust og regluleg fræðsla um heilsu og öryggi starfsfólks var alfarið færð á rafrænt form. Að frumkvæði fólksins okkar voru Bootcamp og teygjuæfingar einnig færðar yfir í netheima og tókum við þátt í Lífshlaupinu, Hjólað í vinnuna og heilsuátakinu #hvetja á árinu þar sem við tókum höndum saman og löbbuðum, hlupum og hjóluðum til Búdapest. Rúmlega helmingur starfsfólks nýtti sér líkamsræktarstyrk á árinu 2020.

Starfsmannafélagið hélt uppi stuði á árinu með rafrænu bingói, pub quiz-i, bjórsmakki, jólahlaðborði og frábærum aðalfundi sem og náði það að nýta sumarið fyrir göngu- og fjölskylduferðir í Kerlingarfjöll og á Snæfellsnes.



Sjálfbært samfélag

Hlaðvarpsáttur Mannvits

Um miðjan febrúar settum við í loftið hlaðvarpið *Sjálfbært samfélag*. Markmið **hlaðvarpsins** er að vekja athygli á hversu víðtæk sjálfbærnimál eru, hversu mikið þau snerta allt okkar daglega líf og ef við tökum höndum saman þá getum við öll lagt okkar af mörkum og haft áhrif til góðs.



29%

Aukning á líkams-
ræktarstyrkjum sl. 5 ár



5,4%

Aukning á hlutfalli
kvk sl. 5 ár





Heimsmarkmið í fóstur

Á seinni hluta ársins 2020 hófum við verkefnið „Heimsmarkmið í fóstur“ sem er framhaldsverkefni af vinnustofunum um heimsmarkmiðin sem fóru fram í upphafi árs 2019. Verkefnið gengur út á að auka vitundarvakningu okkar á heimsmarkmiðunum í daglegum verkefnum og í ráðgjöf til viðskiptavina samhliða því að setja okkur enn skýrari markmið sem tengjast þessu. Nokkrir faghópar fengu valin heimsmarkmið til að huga að. Verkefni þeirra var að tengja verkefni sín við það tiltekna heimsmarkmið og greina hvernig hægt væri að gera enn betur. Lokaniðurstöðu úr verkefninu má vænta á árinu 2021.

Heimsmarkmið í fóstur



Jafnlaunavottun


Mannvit hlaut jafnlaunavottun samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍTS 85 og jafnlaunamerki velferðarráðuneytisins í árslok 2018. Mannvit setti sér metnaðarfull markmið og framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum þar sem unnið er að því að tryggja starfsfólki jöfn tækifæri og útrýma mismunun í hvaða formi sem hún birtist. Árlega fer fram jafnlaunaúttekt og voru niðurstöður ársins 2020 þannig að grunnlaun kvenna voru 1% hærrí en karla en þegar skoðuð voru heildarlaun var munurinn 0,4% konum í óhag.

„Við ætlum að jafna kynjaskiptingu þeirra sem koma fram fyrir hönd Mannvits.“

Á árinu 2020 voru 9 ráðnir til starfa og var starfsmannavelta 5%. Mannvit leggur áherslu á að vera fjölskylduvænn vinnustaður með sveigjanlegan vinnutíma og stuðning við barnafjölskyldur en alls fóru 10 einstaklingar í fæðingarorlof á árinu og komu allir til baka til vinnu að orlofi loknu.

Hagsmunaaðilar

Mannvit leggur áherslu á virka og aðgengilega upplýsingagjöf til hagaðila fyrirtækisins og er útgáfa sjálfbærnisráðgjafar liður í því. Hagaðilar eru skilgreindir sem viðskiptavinir, eigendur, starfsfólk, birgjar og samfélagið í heild sinni en Mannvit kemur að hönnun, ráðgjöf og eftirliti vegna uppbyggingar á lykil innviðum landsins.





„Við höfum lagt áherslu á að auka upplýsingaflæði til hagaðila fyrirtækisins og að vera fjölskylduvænn vinnustaður með sveigjanlegan vinnutíma.“

Heimsmarkmið í fóstur

ESG frammistöðuvísar

Vísir	Mælikvarði	2020	2019	2018
S1.	Hlutfall heildarlaunagreiðslu forstjóra og miðgildis heildarlauna - greiðslur til starfsfólks í fullu starfi	2,68	2,99	á.e.v.
S1.	Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtæki þínu	Nei	Nei	Nei

	í skýrslugjöf til yfirvalda? Já/Nei			
S2.	Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og miðgildis launagreiðslna kvenna	1,0	1,3	á.e.v.
S3.	Árleg breyting starfsfólks í fullu starfi, í prósentum *allt starfsfólk - ekki gerður greinamunur á fullu starfi og lægra starfshlutfalli	5,5%	16,4%	10,5%
S3.	Árleg breyting starfsfólks í hlutastarfi, í prósentum	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
S3.	Árleg breyting verktaka og/eða ráðgjafa, í prósentum	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
S4.	Kynjahlutfall innan fyrirtækisins, í prósentum	KK 76% / KVK 24%	KK 75,5% / KVK 24,5%	KK 77,6% / KVK 22,4%
S4.	Kynjahlutfall í byrjunarstörfum og næsta starfsmannalagi fyrir ofan, í prósentum (stjórnendur)	KK 75,7% / KVK 24,3%	KK 75,2% / KVK 24,8%	KK 77,3% / KVK 22,7%

S4.	Kynjahlutfall í störfum í efsta starfsmannalagi og sem framkvæmdastjórar, í prósentum (sérfræðingar og fagfólk)	KK 78,8% / KVK 21,2%	KK 83,3% / KVK 16,7%	KK 83,8% / KVK 16,2%
S5.	Prósenta starfsfólks í hlutastarfi	3,5%	4,5%	5,1%
S5.	Prósenta þeirra sem eru í verktöku og/eða ráðgjöf	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
S6.	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti? Já/Nei	Já	Já	Já
S7.	Tíðni slysatengdra atvika miðað við heildartíma vinnuaflsins í prósentum	0,13%	0,0	0,0
S8.	Fylgir fyrirtækið þitt starfstengri heilsustefnu og/eða hnattrænni stefnu um heilsu og öryggi? Já/Nei	Nei	Nei	Nei
S9.	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða	Já	Já	Já

	nauðungarvinnu? Já/Nei			
S9.	Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda? Já/Nei	Nei	Nei	Nei
S10.	Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu? Já/Nei	Já	Já	Já

* á.e.v: Á ekki við

Uppruni nafnsins „Mannvit“

Nafnið Mannvit kemur úr norrænni goðafræði. Í Snorra-Eddu segir frá Mímisbrunni, sem er undir einni af rótum asks Yggdrasils. Þar var helgistaður goðanna. Í honum var fólgin speki og mannvit. Mímir drakk af brunninum og var því fullur af vísindum. Óðinn lagði auga sitt að veði fyrir að fá að drekka af brunninum. Mannvit er í goðafræðinni ekki notað í merkingunni greind eða þekking, heldur frekar heilbrigð skynsemi eða dómgreind.





Ábyrgð í verki

Mannvit er alþjóðlegt ráðgjafarfyrtæki í verk- og tæknifræði á sviði orku, iðnaðar og mannvirkja. Það starfrækir samþætt stjórnkerfi sem tekur mið af stöðlunum ISO 9001 um gæðastjórnun, ISO 14001 fyrir umhverfisstjórnun og ISO 45001 um stýringu öryggis og vinnuverndar. Mannvit byggir samkeppnisforskot sitt á öflugum mannauði og samfélagsábyrgð sem er samofin öllum rekstri fyrirtækisins.

Stjórnarhættir

Stjórnarhættir Mannvits eru í samræmi við samþykktir félagsins, starfsreglur stjórnar og lög um hlutafélög nr. 2/1995, leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja (5. útg.) sem Viðskiptaráð, Nasdaq Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út, síðast í maí 2015. Engar undirnefndar stjórnar eru starfræktar.

Fimm manna aðalstjórn félagsins var kosin á aðalfundi í maí 2020. Hún er skipuð þremur körlum og tveimur konum og uppfyllir þar með ákvæði 63. gr. hlutafélagalaga um kynjahlutföll í stjórn.

Samsvarandi ákvæði er að finna í samþykktum félagsins. Formaður stjórnar er karlmaður. Tveir varamenn eru í stjórn félagsins, karl og kona.

Framkvæmdastjórn fyrirtækisins er skipuð fimm aðilum, þremur körlum og tveimur konum.

Forstjórinn er karlmaður. Mannvit hlaut jafnlaunavottun samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85 og heimild Jafnréttisstofu til að nota jafnlaunamerki velferðarráðuneytisins í janúar 2019.



***Mannvit hefur
hlotið jafnlaunavottun
samkvæmt
jafnlaunastaðlinum
ÍST 85***

Stjórn Mannvits leggur ríka áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum enda hafa góðir stjórnarhættir áhrif á rekstrarafkomu fyrirtækisins og stuðla að bættum vinnubrögðum og betri samskiptum milli hagsmunaaðila. Stjórn hefur sett sér starfsreglur þar sem helstu verkefni og valdsvið stjórnar og forstjóra eru skilgreind. Gildandi starfsreglur voru samþykktar á stjórnarfundum í febrúar 2020. Þar er m.a. að finna

hvernig stjórn skiptir með sér verkum, reglur um fundarsköp, fundargerðir og hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf gagnvart stjórn og ákvörðunarvald stjórnar. Starfsreglur stjórnar eru endurskoðaðar árlega. Einnig skapar starfsáætlun stjórnar, sem gerð er fyrir hvert rekstrarár, traust á milli stjórnar og hluthafa og spornar gegn ómarkvissum aðgerðum.

Stjórn Mannvits hefur lengi lagt áherslu á sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð. Stjórnin er meðvituð um mikilvægi verkefna Mannvits fyrir fólk og umhverfi og setur hringrásahagkerfið alltaf í fyrsta sæti.

0,4%

Launamunur kynja á heildarlaunum



40%

Hlutfall kvenna í stjórn Mannvits



Innra eftirlit og áhættustýring

Mannvit hefur skilgreint og kortlagt ferli fyrir allar meiriháttar ákvarðanir sem hugsanlegt er að fyrirtækið

viljið grípa til við ákveðnar aðstæður. Ákveðin skilyrði þurfa að vera fyrir hendi þegar allar meiriháttar ákvarðanir eru teknar. Skilgreint er hver sé best fallinn til að taka þær og að þær séu teknar á grundvelli bestu fáanlegu upplýsinga á hverjum tíma. Það er grunnurinn að góðum stjórnarháttum Mannvits að allir þeir aðilar sem viðkomandi ákvörðun snertir eru upplýstir tímanlega um efni ákvörðunar og koma með viðeigandi hætti að ákvörðunum eins og við á.

Stjórn hefur sett fram heildstæða áhættustefnu fyrir fyrirtækið og skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri. Helstu áhættur fyrirtækisins eru mótaðilaáhætta, lausafjárahætta, rekstraráhætta og gjaldmiðlaáhætta. Mannvit skilgreinir sérstaka áhættumælikvarða og hefur framkvæmdastjórn reglulegt eftirlit með þeim til að greina breytingar á áhættu. Forstjóri upplýsir stjórn reglubundið um áhættur félagsins.

Mannvit hefur ekki látið framkvæma úttektir á þeim upplýsingum og gögnum sem fram koma í samfélagsskýrslu þessari og hefur ekki skilgreint sérstakt innra eftirlit á þessum atriðum.

Birgjamat var framkvæmt sem hluti af ábyrgum stjórnarháttum.

Siðareglur og persónuverndarlög

Siðareglur Mannvits gilda um allt starfsfólk og stjórnendur og voru fyrst samþykktar af stjórn í október 2018.

Mannvit hefur ekki skilgreint sérstakar siðareglur birgja. Til að tryggja eins og hægt er að fyrirtækið eigi ekki í viðskiptum við aðila sem ekki virða stefnu fyrirtækisins varðandi mannréttindi og siðferði eru

ákvæði í útbodslýsingum og verksamningum félagsins þar sem verktakar lýsa því yfir og ábyrgjast að þeir virði réttindi starfsfólks síns og undirverktaka, eins og við á hverju sinni. Í lok árs 2020 var framkvæmt birgjamat á stærstu birgjum Mannvits.

Mannvit fylgir lögum um persónuvernd eins og öðrum lögum sem gilda um starfsemi fyrirtækisins. Persónuverndarstefna Mannvits var samþykkt í júlí 2018 og er hún endurskoðuð reglubundið. Stefna fyrirtækisins er að hún sé skýr og berorð um hvernig fyrirtækið safnar persónuupplýsingum og í hvaða tilgangi þær eru notaðar, í samræmi við fyrirmæli persónuverndarlaga, GDPR (General Data Protection Regulation).



„Stjórn hefur sett fram heildstæða áhættustefnu fyrir fyrirtækið og skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri.“

ESG frammistöðuvísar

Vísir	Mælikvarði	2020	2019	2018
G1.	Hlutfall kvenna í stjórn í prósentum (samanborið við karla)	40%	40%	40%
G1.	Hlutfall kvenna í formennsku nefnda í prósentum (samanborið við karla)	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
G2.	Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku? Já/Nei	Nei	Nei	Nei
G2.	Hlutfall óháðra stjórnarmanna í prósentum	0%	0%	0%
G3.	Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni? Já/Nei	Nei	Nei	Nei
G4.	Hlutfall starfsfólks fyrirtækisins sem fellur undir almenna kjarasamninga	96,5%	90,9%	á.e.v.
G5.	Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum? Já/Nei	Nei	Nei	Nei
G6.	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðir gegn spillingu? Já/Nei	Já	Já	Já
G6.	Ef já, hve hátt hlutfall vinnuaflsins þíns hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni, í prósentum?	0%	0%	0%
G7.	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd? Já/Nei	Já	Já	Já
G7.	Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum? Já/Nei	Já	Já	Já

G8.	Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbærnisráskýrslu? Já/Nei	Já	Já	Já
G8.	Er gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda? Já/Nei	Nei	Nei	Nei
G9.	Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti? Já/Nei	Nei	Nei	Nei
G9.	Leggur fyrirtækið þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)? Já/Nei	Já	Já	Já
G9.	Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SÞ? Já/Nei	Já	Já	Já
G10.	Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni tekin út eða sannreynd af þriðja aðila? Já/Nei	Nei	Nei	Nei

* á.e.v: Á ekki við



A woman with blonde hair tied back is relaxing in a hot spring. She is looking towards the horizon where the sun is setting, creating a warm, golden glow. In the background, a city skyline is visible across the water. The water in the foreground is slightly rippled, and the overall atmosphere is peaceful and serene.

Kolefnishlutleysi náð 2020

Eitt af helstu markmiðum Mannvits í umhverfismálum er að draga úr sóun auðlinda í rekstri fyrirtækisins og ná kolefnishlutleysi. Árlega eru sett metnaðarfull markmið um notkun auðlinda og losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri fyrirtækisins. Mannvit er með vottað umhverfisstjórnkerfi samkvæmt ISO 14001 og hefur til samræmis við það sett sér

umhverfisstefnu og vaktar þýðingarmikla umhverfisþætti.

Í stefnumótun stjórnar árið 2018 var sett markmið um kolefnishlutleysi fyrirtækisins árið 2020 og náðist það markmið þegar losun, sem er á beinni ábyrgð fyrirtækisins, var jöfnuð í samvinnu við Kolvið, þ.e. samgöngur, raforkunotkun og úrgangur.

Á árinu 2020 dróst heildar losun saman um 9% sem er í takt við markmið fyrirtækisins en ástæða þess að ekki náðist frekari samdráttur á jafn skritnu ári er fjöldi eftirlitsverkefna um allt land. Þannig jókst einnig losun á hvern ekinn kílómetra þar sem ekki var hægt að nýta rafmagns eða tengiltvinnbíla við eftirlitsverk. Það dró heldur betur úr alþjóðaflugi þó að innanlandsflug hafi aukist um leið og úrgangur og rafmagnsnotkun dróst saman.

Við viljum vera fyrirmynd í verki en leggjum líka áherslu á að helstu birgjar okkar hugi að umhverfis- og öryggismálum í rekstri sínum. Á árinu 2020 var framkvæmt birgjamat á stærstu birgjum fyrirtækisins. Komu niðurstöður þess vel út og jákvætt er að sjá hversu margir eru farnir að taka tillit til þessara atriða í rekstri.



53%

Samdráttur í losun
CO₂ sl. 5 ár



1570

Tré gróðursett
árið 2020



MANNVIT

SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

Sjálfbært samfélag

Guðmundur Ólafsson: „Metanið – hvernig nýtum við það?“

Mannvit nálgast verkefni með sjálfbærni að sjónarmiði. Dregið er eins og hægt er úr neikvæðum áhrifum á umhverfi og samfélag. Hugað er að því að nýta auðlindir á ábyrgan hátt, takmarka losun gróðurhúsalofttegunda og skapa öruggar, visthæfar og hagkvæmar lausnir fyrir viðskiptavinum sem skila þeim ábata til framtíðar. Við viljum stuðla að auknu hringrásarhagkerfi í byggingariðnaði með bættri nýtingu auðlinda yfir allan líftíma mannvirkja. Árið 2020 taldi 47% starfsfólks sig hafa komið að verkefnum sem taka mið af sjálfbærni og 62% fann fyrir auknum áhuga viðskiptavina á sjálfbærni. Það staðfestir að Mannvit er á réttri braut og verður sömu stefnu fylgt áfram.

„Árið 2020 taldi 47% starfsfólks sig hafa komið að verkefnum sem taka mið af sjálfbærni og 62% fann fyrir auknum áhuga viðskiptavina á sjálfbærni.“

Fyrirtækið er ekki með virkt loftslagseftirlit eða stjórn á loftslagsáhættu en leggur upp úr því að öll ráðgjöf og hönnun sem Mannvit veitir viðskiptavinum sínum taki mið af sjálfbærni og þar með mögulegum áhrifum loftslagsbreytinga. Fyrirtækið er árlega með fjölda þróunarverkefna í gangi innanhúss sem meðal annars taka á orkuskiptum og bættri nýtingu auðlinda.

Markmið fyrirtækisins fram til ársins 2025 er að draga enn frekar úr losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri og halda áfram kolefnisjöfnun á þeirri losun sem ekki tekst að jafna. Þá verður áfram unnið að innleiðingu sjálfbærni í verkefni með þeim hætti að allt starfsfólk telji sig vera að vinna á sjálfbæran, og ábyrgan hátt, við úrlausn sinna verka.



„Árið 2018 var sett markmið um kolefnishlutleysi fyrirtækisins árið 2020 og náðist það markmið.“

ESG frammistöðuvísar

Vísir	Mælikvarði	2020	2019	2018
E1.	Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 1 - tCO2 ígildi	94,9	75,8	75,1
E1.	Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 2 - tCO2 ígildi	5,2	6,3	6,3
E1.	Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 3 - tCO2 ígildi	57,0	82,6	87,7
E2.	Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda miðað við úttaksstærð - tCO2/starfsgildi	0,79	0,79	0,75
E2.	Heildarlosun lofttegunda annarra en gróðurhúsalofttegunda miðað við úttaksstærð	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
E3.	Heildarmagn beinnar orkunotkunar - MWst	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
E3.	Heildarmagn óbeinnar orkunotkunar - MWst	595,4	710,7	750,0
E4.	Bein heildarorkunotkun miðað við úttakstærð - MWst	3,0	3,4	3,3
E5.	Hlufall orkunotkunar eftir tegund orkuframleiðslu í prósentum	40%/60%	28%/72%	28%/72%
E6.	Heildarmagn af vatni sem er notað - m3	31.090	29.574	32.753
E6.	Heildarmagn af vatni sem er endurheimt -	0,0	0,0	0,0

m3				
E7.	Fylgir fyrirtækið þitt formlegri umhverfisstefnu? Já/Nei	Já	Já	Já
E7.	Fylgir fyrirtækið þitt tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn, orku og/eða endurvinnslu? Já/Nei	Já	Já	Já
E7.	Notast fyrirtækið þitt við viðkennt orkustjórnunarkerfi? Já/Nei	Nei	Nei	Nei
E8.	Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengri áhættu? Já/Nei	Nei	Nei	Nei
E9.	Hefur æðsta stjórnunarteymi þitt eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengri áhættu? Já/Nei	Nei	Nei	Nei
E10.	Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu eða vöruþróun	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.

* á.e.v.: Á ekki við

